

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1607/2000

2008/EES/68/36

frá 24. júlí 2000

þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins, einkum bálkinn er varðar gæðavin sem eru framleidd í tilgreindum héruðum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

fara fram kerfisbundnar skynmatsprófanir á sérhverju gæðavini f.t.h. sem er framleitt á yfirráðasvæði þeirra.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins <sup>(1)</sup>, einkum 56. og 58. gr.,

7) Eftirlitsnefndum skal falið að bera saman niðurstöður prófananna við gildandi forskriftir og sjá um framkvæmd skynmatsprófana.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í VI. bálki reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 og ýmsum viðaukum við hana er mælt fyrir um almennar reglur um gæðavin framleitt í tilgreindum héruðum (f.t.h.). Til viðbótar við þessar reglur skulu koma framkvæmdareglur og reglugerðirnar, sem áður fjölluðu um þetta, reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1698/70 <sup>(2)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 986/89 <sup>(3)</sup>, reglugerð (EBE) nr. 2236/73 <sup>(4)</sup>, reglugerð (EBE) nr. 2082/74 <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðildarskilmála Lýðveldisins Grikklands og aðlögun að sáttmálanum <sup>(6)</sup> og reglugerð (EBE) nr. 2903/79 <sup>(7)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 418/86 <sup>(8)</sup>, skulu felldar úr gildi.

8) Ákvæði skulu vera til staðar um hvað gera skuli við vín sem hentar til framleiðslu á gæðavinum f.t.h. en sem hlutaðeigandi nefnd viðurkennir ekki sem gæðavin f.t.h.

2) Þessar reglur var áður að finna í ýmsum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar. Það myndi því þjóna hagsmunum rekstraraðila í Bandalaginu og yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd reglna Bandalagsins að safna öllum þessum ákvæðum í eina reglugerð.

9) Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um ráðstafanir sem aðildarríkin gera og hvernig þeim er beitt.

3) Reglugerðin skal taka við af gildandi reglum sem skulu lagaðar að nýju kröfunum í reglugerð (EB) nr. 1493/1999. Hún skal einnig vera einfaldari og samræmdari og ná til allra þátta sem snerta viðfangsefnið, sem þýðir að bæta þarf úr ýmsum ágöllum. Jafnframt þarf að orða sumar reglurnar á ítarlegri hátt til að tryggja auknið réttaröryggi við beitingu þeirra.

10) Samkvæmt 2. mgr. 56. gr reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 er aðeins heimilt að færa gæðavin f.t.h. niður um flokk á markaðssetningargræðni við tilteknar aðstæður. Tilgreina skal þessar aðstæður og hvernig nota má gæðavin f.t.h. sem hafa verið færð niður um flokk sem og skilyrðin fyrir þeirri notkun. Tilgreina ber hvaða lögbær yfirvöld hafa heimild til að færa vín niður um flokk.

4) Taka ber fram að þessi reglugerð gildir með fyrirvara um sérákvæði sem mælt er fyrir um á öðrum sviðum.

11) Til að komast hjá röskun á samkeppni er ekki heimilt að markaðssetja gæðavin f.t.h., sem hefur verið fært niður um flokk, undir heiti sem líkist heitinu sem ekki má lengur úthluta því. Til að eftirlit geti gengið greiðlega fyrir sig verður að skrá færslur niður um flokk í birgðaskrár.

5) Í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 er kveðið á um ýmsar skrár yfir gæðavin f.t.h. Þessar skrár verður að taka saman.

12) Til þess að framkvæmdastjórnin geti fylgst með beitingu lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum á ákvæðunum um færslu gæðavina f.t.h. niður um flokk skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni árlega um það hversu mikið af gæðavini f.t.h. hefur verið fært niður um flokk á yfirráðasvæði þeirra.

6) Í 3. lið VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 er gert ráð fyrir að aðildarríki, sem eru framleiðsluríki, láti

13) Færslu gæðavins f.t.h. niður um flokk á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þess þar sem vinnið er upprunnið skal þar til bær stofnun í upprunaaðildarríki annast. Í því skyni skal tryggja beint samstarf milli þeirra stofnana í aðildarríkjunum sem bera ábyrgð á eftirliti með framleiðslu og markaðssetningu gæðavina f.t.h. og setja reglur um slíkt samstarf. Til að einfalda stjórnsýslu aðildarríkjanna skal þó vera leyfilegt að þar til bær stofnun í aðildarríkinu, þar sem lítið magn af umræddu gæðavini f.t.h. er að finna, færi sjálf þetta magn niður um flokk.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 185, 25.7.2000, bls. 17. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín sjá, EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44, 7.9.2006, bls. 39.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 190, 26.8.1970, bls. 4.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 106, 18.4.1989, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 229, 17.8.1973, bls. 26.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 217, 8.8.1974, bls. 14.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 291, 19.11.1979, bls. 80.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 326, 22.12.1979, bls. 14.

<sup>(8)</sup> Stjtið. EB L 48, 26.2.1986, bls. 8.

- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnarnefndarinnar um vín.

5. gr.

**Skrá yfir gæðalíkjörvín f.t.h. sem mega hafa minni heildaralkóhólstyrkleika en 17,5% miðað við rúmmál en ekki undir 15%**

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

**Markmið**

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd ákvæða reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 að því er varðar gæðavin framleidd í tilgreindum héruðum (gæðavin f.t.h.).

I. BÁLKUR

**REGLUR VARÐANDI TILGREIND HÉRUÐ**

2. gr.

**Afmörkun svæða í næsta nágrenni við tilgreint hérað**

Hvert hlutaðeigandi aðildarríki skal, þrátt fyrir regluna í b-lið 1. liðar D-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, en í samræmi við 3. lið D-þáttar VI. viðauka við reglugerðina, afmarka fyrir hvert hlutaðeigandi gæðavin f.t.h. svæði í næsta nágrenni við tilgreint hérað þar sem hægt er að fá eða framleiða gæðavin f.t.h. Aðildarríkið skal m.a. taka tillit til landfræðilegrar legu, stjórnskipulags og hefðbundinna aðstæðna áður en svæðið er afmarkað.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ákvarðanir sem teknar eru um afmörkun og framkvæmdastjórnin skal birta slíkar ákvarðanir með viðeigandi hætti í öllum aðildarríkjunum.

II. BÁLKUR

**REGLUR VARÐANDI ALKÓHÓLSTYRKLEIKA**

3. gr.

**Skrá yfir gæðahvítvín f.t.h. sem mega hafa minni heildaralkóhólstyrkleika en 9% miðað við rúmmál en ekki undir 8,5%**

Skrárnar, sem um getur í 5. lið F-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, eru settar fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

4. gr.

**Skrá yfir gæðalíkjörvín f.t.h. sem mega hafa minni náttúrulegan alkóhólstyrkleika en 12% miðað við rúmmál**

Skráin, sem um getur í a-lið 3. liðar L-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, er sett fram í A-þætti II. viðauka við þessa reglugerð.

Skráin, sem um getur í 4. lið L-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, er sett fram í B-þætti II. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

**Skrá yfir yrki sem nota má til framleiðslu á gæðalíkjörvínunum f.t.h. með sérstöku hefðbundnu sérheitunum „vino dulce natural“, „vino dolce naturale“, „vino doce natural“ og „οίνος γλυκός φυσικός“**

Skráin, sem um getur í 5. lið L-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, er sett fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

7. gr.

**Skrá yfir vínlaganir (cuvées) sem eru ætlaðar til framleiðslu á gæðafreyðivínunum f.t.h. sem mega hafa minni alkóhólstyrkleika en 9,5% miðað við rúmmál en ekki undir 8,5%**

Skrárnar, sem um getur í 2. og 3. lið K-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, eru settar fram í IV. viðauka við þessa reglugerð.

III. BÁLKUR

**REGLUR UM GREININGAR- OG SKYNMATSPRÓFANIR**

8. gr.

**Almennar reglur**

1. Við beitingu d-liðar annarrar málsgreinar 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 skal hvert aðildarríki, sem er framleiðsluríki, setja á stofn eina eða fleiri nefndir til að annast skynmatsprófanir á gæðavinum f.t.h. sem eru framleidd á yfirráðasvæði þess.

Þegar slíkar nefndir eru settar á fót í samræmi við ofangreint ákvæði og b-lið 1. liðar J-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 skulu aðildarríkin tryggja að hagsmunaaðilar eigi fulltrúa í þeim.

2. Aðildarríkin skulu setja reglur til að tryggja að greiningar- og skynmatsprófanir fari fram kerfisbundið á öllum gæðavinum f.t.h. sem eru framleidd á yfirráðasvæði þeirra. Þó er heimilt að prófanir á vínunum frá vínárinu 2000/2001 fari fram með sýnatöku.

Aðildarríkin skulu tryggja að hvert sýni sem er tekið sé dæmigert fyrir hvert gæðavinanna f.t.h. sem framleiðandinn hefur undir höndum.

3. Að því er varðar öll vín sem henta til framleiðslu á gæðavinum f.t.h. skulu prófanirnar, sem um getur í 2. mgr., fara fram á framleiðslustigi áður en vínið er flokkað sem gæðavin f.t.h.

4. Aðeins er heimilt að flokka vín sem gæðavín f.t.h. ef:
- niðurstöður greiningarprófana, sem fara fram í samræmi við aðferðirnar sem um getur í 46. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999, sanna að vínið fellur innan tilskilinna marka sem um getur í a-lið 1. liðar J-þáttar VI. viðauka við þá reglugerð, og
  - skynmatsprófanir sýna að vínið býr yfir öllum viðeigandi einkennum.

9. gr.

#### **Notkun víns sem ekki stenst greiningar- og skynmatsprófanir**

Ef greiningar- og skynmatsprófanir sýna að vínið hentar ekki til að flokkast sem það gæðavín f.t.h. sem farið var fram á er heimilt, ef vínið hefur til að bera tilskilin einkenni, að flokka það:

- sem annað gæðavín f.t.h., séu skilyrði fyrir flokkun þess sem slíkt uppfyllt, eða
- sem borðvín, að því tilskildu að auðgun, sé hún fyrir hendi, hafi farið fram í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og C- og G-þætti V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999, eða
- sem vín í öðrum flokki, eins og um getur í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999.

#### IV. BÁLKUR

#### **REGLUR UM FÆRSLU VÍNS NIÐUR UM FLOKK**

10. gr.

#### **Skilyrði fyrir færslu gæðavína f.t.h. niður um flokk á markaðssetningargestigi í tilteknum tilvikum**

- Við beitingu 56. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 merkir „færsla gæðavíns f.t.h. niður um flokk“ „bann við því að fyrir hlutaðeigandi vín sé notuð merking sem vísar til merkinga Bandalagsins eða landsbundinna merkinga sem eru fráteknaðar fyrir gæðavín f.t.h.“.
- Við beitingu 3. mgr. 56. gr. þeirrar reglugerðar skal gæðavín f.t.h. teljast hafa orðið fyrir breytingum sem réttlæta færslu niður um flokk, einkum þegar sannreynt er:
  - að það stenst ekki lengur kröfur varðandi a.m.k. eitt af þeim einkennum sem um getur í a-lið 1. liðar J-þáttar VI. viðauka við þá reglugerð, eða
  - að það býr ekki lengur yfir a.m.k. einu af einkennum gæðavína f.t.h. frá því héraði sem það dregur nafn sitt af.
- Færsla gæðavíns f.t.h. niður um flokk á markaðssetningargestigi skal ákveðin af þar til bæru stofnuninni sem um getur í 1. eða 3. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar, eftir því sem við á.

4. Frumkvæðið að færslu gæðavína f.t.h. niður um flokk skal koma frá:

- þar til bæru stofnuninni sem um getur í 1. og 2. mgr. 56. gr. reglugerðarinnar, í tengslum við viðeigandi eftirlit, eða
- seljanda sem hefur vínið undir höndum ef hann tekur eftir því að vín er í samræmi við skilyrðin sem um getur í 2. mgr. hér að framan.

5. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um heiti og heimilisföng þar til bærri stofnana sem þau hafa veitt heimild til að færa gæðavín f.t.h. niður um flokk. Framkvæmdastjórnin skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að birta tilkynningarnar í öllum aðildarríkjum.

6. Ef nauðsyn krefur getur hvaða þar til bær stofnun sem er lýst því yfir að fylgiskjal, gefið út fyrir vín sem hefur verið fært niður um flokk, sé í bága við reglurnar.

Í birgðaskrá þess sem hefur undir höndum vín sem hefur verið fært niður um flokk skal koma fram að vínið hafi verið fært niður úr flokknum gæðavín f.t.h.

11. gr.

#### **Tilkynningar aðildarríkjanna um færslu gæðavína f.t.h. niður um flokk**

Aðildarríkin skulu taka saman gögn um það hversu mikið af gæðavíni f.t.h. frá hverju vínári hefur verið fært niður um flokk á yfirráðasvæði þeirra.

Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi gögn eigi síðar en 1. nóvember eftir vínárið þegar greint var frá því að vín hefði verið fært niður um flokk.

Í gögnunum skal gera greinarmun á vínunum sem hafa verið færð niður úr flokknum gæðavín f.t.h.

- á framleiðslustigi:
  - að frumkvæði þar til bærrar stofnunar, eða
  - að beiðni framleiðandans,
- á markaðssetningargestigi:
  - að frumkvæði þar til bærrar stofnunar, eða
  - að beiðni seljanda.

Aðildarríkin skulu greina frá því hversu mikið magn er fært niður um flokk, sundurliðað eftir vörflokkum.

12. gr.

#### **Beint samstarf þar til bærri stofnana aðildarríkjanna varðandi færslu gæðavína f.t.h. niður um flokk**

1. Þar til bær stofnun í aðildarríki, sem hefur gæðavín f.t.h. á yfirráðasvæði sínu sem færa ber niður um flokk, skal tilkynna það þar til bæru yfirvaldi aðildarríkisins sem á yfirráðasvæði þar sem vínið var framleitt („upprunaaðildarríki“).

Eftirfarandi getur komið til viðbótar upplýsingaskiptunum:

- a) sending sýna til opinberrar rannsóknarstofu í uppruna-aðildarríki, að beiðni eins af hlutaðeigandi aðildarríkjum, ef vínið er gæðavín f.t.h. í ílátum sem innihalda ekki meira en 60 lítra og skal sýnið bera sömu merkingu og vínið þegar það var sett í dreifingu,
- b) að viðurkenndur sérfræðingur frá uppruna-aðildarríki sé til staðar við eftirlit,
- c) þátttaka mismunandi aðildarríkja í sameiginlegum prófunum,
- d) sannprófun skjala og færslna í skrár sem mælt er fyrir um í samræmi við 70. gr. reglugerðar (EB) nr. 1493/1999.

2. Þar til bær stofnun sem fær beiðnina skal tafarlaust tilkynna þar til bærrí stofnun sem sendi beiðnina um ákvörðun sína um færslu niður um flokk.

3. Ef heildarmagn vinsins, sem um ræðir, fer ekki yfir tvo hektólítra getur þar til bær stofnun í því aðildarríki sem hefur á yferráðasvæði sínu gæðavín f.t.h., sem gæti þurft að færa niður um flokk, sjálf tekið ákvörðun um að færa vínið niður um flokk.

4. Einstaklingur eða lögaðili eða hópur slíkra aðila sem ákvörðun, sem tekin er samkvæmt 2. eða 3. mgr. hér að framan, hefur áhrif á getur óskað eftir því að þar til bær stofnun aðildarríkisins, sem hefur á yferráðasvæði sínu hlutaðeigandi gæðavín f.t.h., endurskoði ákvörðunina. Telji stofnunin að beiðnin um að endurskoða ákvörðunina hafi við góð rök að

stýðjast skal hún óska eftir því að þar til bær stofnun í uppruna-aðildarríki viðkomandi gæðavíns f.t.h. endurskoði ákvörðunina eða, í því tilviki sem um getur í 3. mgr., skal hún sjálf endurskoða ákvörðunina.

5. Aðildarríki sem hafa á árinu fært gæðavín f.t.h., sem er upprunnið í öðru aðildarríki, niður um flokk skulu, fyrir 31. mars næsta árs, senda framkvæmdastjórninni og uppruna-aðildarríkjum hlutaðeigandi gæðavína f.t.h. tilkynningu um magn hvers gæðavíns f.t.h. sem fært var niður um flokk.

V. BÁLKUR

#### LOKAÁKVÆÐI

13. gr.

#### Niðurfelling

Reglugerðir (EBE) nr. 1698/70, (EBE) nr. 2236/73, (EBE) nr. 2082/74 og (EBE) nr. 2903/79 eru felldar úr gildi.

14. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. ágúst 2000.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júlí 2000.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

—  
I. VIÐAUKI

**Skrá yfir gæðahvítvín f.t.h. sem mega hafa minni heildaralkóhólstyrkleika en 9% miðað við rúmmál en ekki undir 8,5%**

PORTÚGAL

— Vinho Verde

## II. VIÐAUKI

## A. Skrá sem um getur í a-lið 3. liðar L-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999

1. Skrá yfir gæðalíkjörvín f.t.h., framleidd úr þrúgumusti með a.m.k. 10% náttúrulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, fengin með því að bæta í brenndu víni fengnu úr víni eða þrúguhrati með skráð upprunaheiti, hugsanlega frá sömu bújörð.

(i. liður a-liðar í 3. lið L-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999)

FRAKKLAND

Pineau de Charantes eða Pineau charentais, Floe de Gascogne, Macvin du Jura.

2. Skrá yfir gæðalíkjörvín f.t.h., framleidd úr þrúgumusti í gerjun með a.m.k. 11% upphaflegan náttúrulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, fengnum með því að bæta í hreinum vínanda eða véneimi með a.m.k. 70% raunverulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál, eða brenndu víni fengnu úr vínafurðum

(Fyrsti undirliður ii. liðar a-liðar í 3. lið L-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999)

PORTÚGAL

Porto, vin de Porto, Oporto Port, Port wine, Portwein, Portvin, Portwijn

Moscatel de Setúbal, Setúbal

Carcavelos

ÍTALÍA

Moscato di Noto

Trentino.

3. Skrá yfir gæðalíkjörvín f.t.h. framleidd úr víni með a.m.k. 10,5% upphaflegan náttúrulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál.

(Annar undirliður ii. liðar a-liðar í 3. lið L-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999)

SPÁNN

Jerez-Xérès-Sherry

Manzanilla-Sanlúcar de Barrameda

Contado de Huelva

Rueda

4. Skrá yfir gæðalíkjörvín f.t.h. framleidd úr þrúgumusti í gerjun með a.m.k. 9% upphaflegan náttúrulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál.

(Þriðji undirliður ii. liðar a-liðar í 3. lið L-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999)

PORTÚGAL

Madeira, Madeira Wein, Madeira wine, vin de Madère, Madera, vino di Madera, Madeira wijn

## B. Skrá sem um getur í 4. lið L-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999

5. Skrá yfir gæðalikjörvín f.t.h. með minni heildaralkóhólstyrkleika en 17,5% miðað við rúmmál, en ekki minni en 15%, ef landslög, sem giltu um þetta fyrir 1. janúar 1985, kveða skýrt á um þetta.

(4. liður L-þáttar VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999)

## SPÁNN

Gæðalikjörvín f.t.h.	Lýsing á vöru eins og ákvörðuð með reglum Bandalagsins eða landsbundinni löggjöf
Condado de Huelva	Vino generoso
Jerez-Xérès-Sherry	Vino generoso
Manzanilla-Sanlúcar de Barrameda	Vino generoso
Málaga	Seco
Montilla-Moriles	Vino generoso
Priorato	Rancio seco
Rueda	Vino generoso
Tarragona	Rancio seco

## ÍTALÍA

Trentino

## PORTÚGAL

Gæðalikjörvín f.t.h.	Lýsing á vöru eins og ákvörðuð með reglum Bandalagsins eða landsbundinni löggjöf
Porto, vin de Porto, Oporto, Port, Port wine, Portwein, Portvin, Portwijn	Branco leve seco

---

*III. VIÐAUKI*

**Skrá yfir yrki sem heimilt er að nota til framleiðslu á gæðalíkjörvini f.t.h. með sérstöku hefðbundnu sérheitunum „vino dulce natural“, „vino dolce naturale“, „vinho doce natural“ og „οίνος γλυκός φυσικός“**

Muscats — Grenache — Maccabéo — Malvoisies — Mavrodaphne — Assirtiko — Liatiko — Garnacha tintorera — Monastrell — Pedro Ximénez — Albarola — Aleatico — Bosco — Cannonau — Corinto nero — Giró — Monica — Nasco — Primitivo — Vermentino — Zibibbo.

---

*IV. VIÐAUKI*

**Skrá yfir gæðafreyðivín f.t.h. þar sem vínlögunin má hafa minni alkóhólstyrkleika en 9,5% miðað við rúmmál**

ÍTALÍA

- Prosecco di Conegliano-Valdobbiadene
  - Montello e Colli Asolani.
-